

38. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir 1859.
vesturumdæminu, um gjafakorn til Snæfellsnes sýslu. 3. septemb.

Þér hafið, herra amtmaður, í bréfi 3. f. m. farið þess á leit, að dómsmálastjórnin hlutist til um að útvega svo sem 400 eður 500 tonn af korni, til þess að afstýra með því móti hallæri, er menn annars óttast fyrir muni að höndum bera í þremur bágstöddustu hreppunum í Snæfellsnes sýslu, en það eru Breiðavíkur hreppur, Staðarsveit og Eyrarsveit.

Um þetta efni tilkynnist yður, að sendar verða hëðan 500 tonn af rúgi, með skipi nokkru, er agent Clausen á, og um þessar mundir fer til Stykkishólms; má útbýta korni þessu ókeypis til hinna nauðstöddustu af íbúum Snæfellsnes sýslu, einkum í þeim þremur hreppum, er áður voru nefndir. Korninu verður úthlutað eptir fyrirsögn yfirvaldsins, og eruð þér beðnir að gæta þess, að því verði að eins útbýtt til þeirra sveita, sem eru í raun og veru nauðstaddar, og að því sé skipt milli þeirra eptir uppástungu, er þar um sé gjörð af sýslumanni, og samþykkt af yður; einnig eruð þér beðnir að senda reikning með skilríkjum, svo sem vera ber, um úthlutun kornsins og skýrslu um það, hvernig því hafi verið útbýtt.

Þess skal getið, að eigi skal útbýta korninu ókeypis, nema til þess beri óumflýjanleg nauðsyn, og hefur því verið svo um samið við agent Clausen, að hann taki inn í verzlun sína það af korninu, sem ekki kynni nauðsynlega við þurfa til útbýtingar í hinum nauðstöddu sveitum.

Dómsmálastjórnin vonast eptir að fá skýrslu frá yður um það, hvað gjört verður í þessu efni, og um það, hvernig ástatt er yfir höfuð að tala.

39. Bréf dómsmálastjórnarinnar til hins setta sýsl- 13. sept.
manns í Húnavatns sýslu, um kornlán.

Þér hafið, herra kammerráð, ásamt Jósep héraðslækni Skaptasyni, í bréfi 26. júlí þ. á. skýrt frá, að á sýslufundi, er

1859.
13. sept.

menn áttu 25. s. m., hafi menn komizt að raun um, að vörubyrðir þær, sem í vor er leið hafi flutzt til verzlunarstaðanna í Húnavatns þingi, seu öldungis ónógar, svo sjá megi fyrir að skortur verði á vörum næstkomandi vetur, einkum handa hinum fátækari af sýslubúum; hafi það því verið falið yður á hendur að rita Hillebrandt stórkaupmanni, og biðja hann um að senda nú í haust 1200 tonn af kornvörum til verzlunarstaðanna í sýslu þessari; hafið þér því næst beðið dómsmálastjórnina um fulltingi sitt, til þess að Hillebrandt gjöri að tilmælum yðar; en fari svo, að hann ekki sé fánlegur til þess, hafið þér skorað á stjórnina að hlutast til um, að kornvörur þær, er hér ræðir um, verði með einhverju móti útvegaðar, þaræð búast megi við hallari í sýslunni að öðrum kosti.

Samkvæmt þessu var skorað á Hillebrandt stórkaupmann, að láta að tilmælum þeim, er áður var um getið, og hefur hann svarað því, að hann ekki sjái sér fært af eigin rammleik að kaupa og senda til verzlunarstaðanna í Húnavatns sýslu nú í haust meiri kornvörur, en þegar hafi verið þangað fluttar; en þar á móti hefur hann gefið kost á því, að flytja í þessum mánuði 800 tonn af kornvörum til Skagastrandar, svo framarlega sem stjórnin geti útvegað það fê, er þarf til kornkaupanna hér, en hann lani fê það er gengur í flutningskostnað, ábyrgðargjald m. m., þangað til vörurnar seu komnar til verzlunarstaðarins.

Með því dómsmálastjórnin, eptir því sem nú hefur sagt verið, hlaut að álíta góða úrgreiðslu þessa málefnis mikils umvarðandi, þótti ráðlegt að fallast á tilboð Hillebrandts; hefur því Húnavatns sýslu verið veitt lán, að upphæð 5083 rd. 2 mk., er tekið verður inn í fjáraukalög konungsríkisins. Fyrir fê þetta hafa keyptar verið kornvörur þær, sem til eru greindar á skrá þeirri, er með fylgir, en það eru: 400 tonn af rúgi, tunnan 5 rdl. 2 mk., 200 tonn af bankabyggi, tunnan á 8 rdl. 1 mk. 8 sk., og 200 tonn af baunum, tunnan á 6 rdlr. 3 mk. Vörurnar fara nú hêðan með skipinu „Friðrik“, er skipstjóri Christiansen ræður fyrir, og verða lagðar upp á Hólanes-verzlun-

arstað hjá Knudsen verzlunarstjóra, og úthlutar hann þeim síðan eptir boði yfirvaldsins.

1859.
13. sept.

Þegar búið er að bæta við kaupverð það, sem áður er greint, flutningskaupi því er Hillebrandt hefur áskilið sér, ásamt með ábyrgðargjaldi, borgun fyrir afferming, og fyrir úthlutun varanna á Íslandi, en það eru samtals 2 rd. 4 mk. fyrir rúgtunnuna, 2 rd. 4 mk. 8 sk. fyrir tunnu af bankabyggi og 2 rd. 3 mk. fyrir tunnu af baunum, þá má selja vörutegundir þær, er nú hafa verið nefndar, fyrir 8 rd., 11 rd. og 9 rd. tunnuna.

Um borgun lánsins skal þess getið, að þó ekki hafi verið beðið um neinn borgunarfrest, virðist þó varlegra að ákveða slíkan frest, er nota mætti, ef á þyrfti að halda, til þess að útvega fê til endurgjalds láninu, og dómsmálastjórnin hefir því í hyggju að fara fram á það við ríkisþingið, að veitt verði nokkur umliðing um lánið; verður yður gefið til vitundar með hverjum skilmálum lánið er veitt, þegar ríkisþingið er búið að samþykkja fjárákalogin.

Eptir tilmælum Hillebrandts stórkaupmanns verður dómsmálastjórnin þar að auki að skora á yður, að annast um það, svo sem með þarf, að endurgjald það, sem áður hefur nefnt verið, og honum ber fyrir flutning á vörunum, ábyrgðargjald m. m., sem er samtals 2116 rd. 4 mk., verði greitt Knudsen verzlunarstjóra á Hólanesi, áður en skipið fer þaðan aptur.

Að endingu sê yður falið á hendur að gæta þess nákvæmlega, að áður greindum kornvörum verði haganlega úthlutað, og vonast dómsmálastjórnin eptir að fá sem fyrst játningu yðar fyrir því, að vörunar hafi komið til skila, og seinna meir nákvæma skýrslu um það, hvernig þeim hafi verið varið.

40. Almennar reglur, sem gilda skulu fyrst um sinn á Íslandi viðvikjandi fjárkláðanum. 14. sept.

1. grein. Lögreglustjórnin á að leitast við með öllu móti, sem í hennar valdi stendur, að kæfa niður fjárkláða þann, sem í landinu er, girða fyrir útbreiðslu hans og endurkvikun, eink-